

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes.

27. mars 2023,
12. fundur heilbrigðisnefndar, fundargerð

Mánudaginn 27. mars 2023 var haldinn 12. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 17:30. Eftirtaldir aðalmenn eru boðaðir á fundinum, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Gnýr Guðmundsson, Ingibjörg Hauksdóttir og Svanur Karl Grjetarsson. Bjarni boðaði forföll og í hans stað mætti Örvar Jóhannsson. Ingibjörg tilkynnti forföll. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig boðaðir á fundinn, Hörður Þorsteinsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir, Ríkharður F. Friðriksson og Árni Davíðsson.

1 Skipulagsmál

1.1 Umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar.

Lagt fram erindi frá Aðalbirni Vilhjálmssyni skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 14. mars 2023, þar sem óskað er umsagnar á tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Garðabæjar sem felst í endurskoðun á reiðleiðum og stígum í upplandi Garðabæjar til samræmis við deiliskipulagstillögur og friðlýsingartillögu sem kynntar eru samhliða. Markmið tillögunnar er að laga stígakerfið að deiliskipulagi Fólkvangsins í Vífilstaðahraun og Maríuhellum, að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs, að deiliskipulagi fyrirhugaðs fólkvangs og golfvallar í Urriðakotdölum, að breytingu á deiliskipulagi Heiðmerkur og breytingum á deiliskipulagi Urriðaholts, austurhluta og norðurhluta Einnig er stígakerfið lagað að þeim breytingum sem hafa orðið vegna uppbyggingar í Garðabæ, austan Reykjanesbæjar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd telur að betur þurfi að skoða umferð um Flóttamannaveg, mögulega aukningu í umferð og hvernig tryggja á viðunandi hljóðvist í íbúðahverfinu í Urriðaholti og útivistar- og friðlöndum meðfram veginum. Heilbrigðisnefnd mælist til að hávaðakortlagning verði gerð af Flóttamannavegi til undirbúnings að ákvörðunum og hugsanlegum mótvægisáðgerðum til að tryggja viðunandi hljóðvist. Enn fremur verði afmarkað kyrrlát svæði í friðlöndum og útivistarsvæðum meðfram veginum.

1.2. Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðakotsdölum.

Lagt fram erindi frá Aðalbirni Vilhjálmssyni skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 14. mars 2023, þar sem óskað er umsagnar á tillögu að útivistarsvæði í Urriðakotsdölum. Markmið deiliskipulagsins er að á Urriðavelli verði aðstaða til golfiðkunar í hæsta gæðaflokki. Samhliða gerð deiliskipulagsins er

unnið að því að friðlýsa Urriðakotshraun sem fólkvang, þar sem megin áherslan er á að stuðla að vernd hraunsins og náttúrulegs gróðurfars á svæðinu sem skapa góðar aðstæður til útivistar með vönduðum stígum í góðum tengslum við stígakerfi í upplandi Garðabæjar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar en minnir á að það þarf að hafa samráð við heilbrigðiseftirlitið varðandi byggingar, niðurrif, salerni, rotprær, fituskiljur og olíuskiljur.

1.3. Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilstaðahrauni.

Lagt fram erindi frá Aðalbirni Vilhjálmssyni skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 14. mars 2023, þar sem óskað er umsagnar á tillögu að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilstaðahrauni. Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu samhliða því að vernda jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar. Skilgreint er fyrirkomulag göngu- og hjólastíga, fræðslu- og áningarstaða. Veglína Flóttamannavegar er endurskoðuð til að bæta öryggi á veginum. Stofnstígur milli Urriðaholts og Vífilsstaða meðfram Reykjanesbraut verður skilgreindur sem samgöngustígur með aðskildri umferð gangandi og hjólandi.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd telur að betur þurfi að skoða umferð um Flóttamannaveg, mögulega aukningu í umferð og hvernig tryggja á viðunandi hljóðvist í íbúðahverfinu í Urriðaholti og friðlöndum meðfram veginum. Heilbrigðisnefnd mælist til að hávaðakortlagning verði gerð af Flóttamannavegi til undirbúnings að ákvörðunum og hugsanlegum mótvægisáðgerðum til að tryggja viðunandi hljóðvist. Enn fremur verði afmarkað kyrrlát svæði í friðlöndum og útivistarsvæðum meðfram veginum.

1.4. Tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar.

Lagt fram erindi frá Aðalbirni Vilhjálmssyni skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 14. mars 2023, þar sem óskað er umsagnar á tillögu um breytingu á deiliskipulagi Heiðmerkur og Sandahlíðar. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum reiðstíg frá Grunnavatnsskarði um Ljóskollulág og niður Vífilsstaðahlíð að reiðstíg í Urriðakotshrauni. Mörk deiliskipulagsins að vestanverðu breytast og eru samræmd mörkum að tillögu deiliskipulags útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum og tillögu að mörkum friðlýsingar sem er auglýst samhliða. Mörk deiliskipulagsins eru einnig samræmd mörkum að friðlandi Búrfells og Búrfellsgjár.

Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir Skógræktarfélag Garðabæjar við Sandahlíð m.a. með byggingarreit fyrir skála, bílastæði og aðstöðu fyrir aðra starfsemi félagsins.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar. Heilbrigðisnefnd hvetur Garðabæ til að leggja af bílastæðin við Hjallaflatir, sem eru innan grannsvæðis vatnsverndar og eru víkjandi með tilkomu nýrra bílastæða við suðausturenda Vífilsstaðahlíðar, sem nú er búið að byggja.

1.5. Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta.

Lagt fram erindi frá Aðalbirni Vilhjálmsyni skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 14. mars 2023, þar sem óskað er umsagnar á tillögu að breytingu deiliskipulags Urriðaholts, austurhluta. Tillagan gerir ráð fyrir því að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi leggist af.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar.

1.6. Tillaga að breytingu deiliskipulags 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

Lagt fram erindi frá Aðalbirni Vilhjálmsyni skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 14. mars 2023, þar sem óskað er umsagnar á tillögu að breytingu á 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts, þar sem gert er ráð fyrir breytttri legu Flóttamannavegar og undirgöngum undir veginn við göngustíg sem liggur milli Vífilsstaðahrauns og norðurhlíðar Urriðaholts. Einnig er gert ráð fyrir að reiðstígur sem liggur meðfram Flóttamannavegi verði felldur út.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar.

2 Rekstrarmál

2.1. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness fyrir árið 2022.

Lagður fram ársreikningur Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu niðurstöðutölum í ársreikningnum. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var samþykkt fyrir Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði fyrir árið 2022 í öllum sveitarfélögunum í október 2021. Í ársbyrjun var heilbrigðiseftirlit fyrir Mosfellsbæ og Seltjarnarnes sameinað heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og var unnin ný fjárhagsáætlun með hliðsjón af sameiningu eftirlitssvæða. Hundaeftirlits- og heilbrigðiseftirlitsgjöld voru samræmd miðað við áður auglýsta gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins.

Helstu niðurstöður úr rekstri voru þær að rekstrartekjur voru 3,6 millj. kr. hærri en áætlanir og rekstrargjöld voru 4,4 millj. kr. umfram áætlun. Framlög aðildarsveitarfélaga voru því 84,6 millj. kr. sem var 0,6 millj. kr. umfram áætlun. Framlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig:

Kópavogsbær	kr.	31.384.968
Hafnarfjörður	kr.	24.060.758
Garðabær	kr.	14.884.203
Mosfellsbær	kr.	10.582.570
Seltjarnarnes	kr.	3.677.877

Bókun:

Heilbrigðisnefnd samþykkir ársreikninginn með undirskrift sinni.

3 Önnur mál

3.1 Olíumengun frá bensínstöð Costco

Lögð fram eftirlitsskýrsla dags. 16. mars 2023 til Costco Wholesale Iceland ehf. þar sem farið var yfir helstu atriði sem tengjast því umhverfisslysi sem átti sér stað þegar díselolía lak í frárennsliskerfi Garðabæjar, sem síðan var dælt í frárennsliskerfi Hafnarfjarðarbæjar í desember 2022. Ekki er hægt að fullyrða um hvort umhverfistjón hafi hlotist af lekanum, en búið er að kanna fjörur, bæði frá landi sem sjó, en ekki er að sjá merki um olíumengun. Tekin voru botnsýni í kringum útrásarop fráveitunnar sem liggur í 2 km fjarlægð frá Hraunavík. Díselolía mældist í öllum sýnunum en í litlu magni. Áfram verður fylgst með svæðinu í samstarfi og samvinnu með Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun hefur tilkynnt heilbrigðiseftirlitinu um að stofnunin hafi ákveðið að taka málið til formlegrar rannsóknar með hliðsjón af 2. másl. 2. mgr. 55. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 77/1998.

Bókun.

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að grannt verði fylgst með hugsanlegri olíumengun í fjörum og á dýralíf og að skoðuð verði ítarlega hvort mengun í botnsýnum gefi tilefni til frekari rannsókna á lífríki í sjónum.

3.2. Starfsleyfi fyrir jarðboranir í Þormóðsdal, Mosfellsbæ.

Heilbrigðiseftirlitið hafnaði útgáfu starfsleyfis vegna jarðaboranna í Þormóðsdal, Mosfellsbæ og var umsækjanda tilkynnt afstaða heilbrigðisnefndar með bréfi dags. 15. mars 2023. Forsvarsmanni Iceland Resources ehf. var veittur andmælaréttur til 29. mars 2023 og bárust andmæli dags. 17. mars 2023. Heilbrigðiseftirlitið er nú með erindið í vinnslu og verður kynnt heilbrigðisnefnd þegar þeirri yfirferð er lokið.

Bókun:

Framkvæmdastjóra og formanni falið að ganga frá svari til umsækjanda þegar niðurstaða liggur fyrir.

Kópavogi 27. mars 2023


Linda Hrönn Þorisdóttir


Gnýr Guðmundsson


Örvar Jóhannsson


Svanur Karl Grjetarsson


Hannes Tryggvi Hafstein

4 Starfsleyfi og umsagnir

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 8. mars 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.1 Bæjarholt 9, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Eyrúnar Öglu Ívarsdóttur, kt. 131281-4639, dags. 25.01.2023 þar sem sótt er starfsleyfi til dreifingu matvæla með aðsetur að Bæjarholti 9, Hafnarfirði. Fasteignanr. F207-4227 Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.03.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.2. Hjallahraun 13, Hafnarfirði – matvælaframleiðsla og dreifing

Lögð fram umsókn Unnur Guðríðar Indriðadóttur f.h. Djús ehf., kt.611112-1140, dags. 01.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu matvæla og veitingarekstur að Hjallahrauni 13, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2075716. Breytt starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.07.03.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 03.08.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 03.08.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með starfsleyfi til 12 ára.

4.3. Hjallabrekka 2, Kópavogur – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Hanna Renata Zaleska, f.h. Veigar matur ehf., kt. 560123-2130, dags. 07.02.2023, þar sem sótt er um leyfi til reksturs brauð - kökugerðar og aðra matvælaframleiðslu að Hjallabrekku 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2061528. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 07.03.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.4. Skeggjastaðir, Mosfellsbæ – gististaður

Lögð fram umsókn Dísu Anderiman kt.180562-6569, f.h. Tin ehf. kt.510396-2199 dags. 10.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir rekstri á gististað í flokki 2 að Skeggjastöðum, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082349. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 09.08.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.08.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa 8.03.2023.


Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.5. Lindarbraut 13, Seltjarnarnes – gististaður

Lögð fram umsókn Guðveigar Nönnu Guðmundsdóttur kt.070657-4309 f.h. Mínir Gestir, dags. 15.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað í flokki 2 að Lindarbraut 13, Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2067575. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 20.12.2022.

Starfsemin var send í grenndarkynningu á vegum sveitarfélagsins og var starfsemin samþykkt með eftirfarandi bókun í skipulags og umferðanefnd Seltjarnarnes;

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



“Með vísan til þess, þ.e. ef komur og brottfarir eru almennt á dagvinnutíma, þ.e. að starfsemin hafi ekki í för með sér aukna umferð eða ónæði utan dagvinnutíma, telur meirihluti nefndarinnar ekki forsendur til að leggjast gegn umsókninni að svo komnu enda eigi móttaka ferðamanna og brottfarir sér aðallega stað á dagvinnutíma. Framangreint er algjör forsenda þess að meirihluti nefndarinnar leggst ekki gegn umsókninni. Breytist móttöku- eða brottfarartími ferðamanna miðað við þetta almennt eða verði verulegt ónæði af starfseminni bresta forsendur fyrir jákvæðri afstöðu meirihluta nefndarinnar til starfseminnar. Áskilur nefndin sér rétt til að bregðast við á viðeigandi hátt m.a. með tilkynningu þar um til sýslumanns sem væntanlega tekur þá til skoðunar hvort forsendur fyrir leyfisveitingunni séu brostnar.”

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar og bókunar skipulags-og umferðarnefndar Seltjarnarness, er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.6. Skeggjastaðir, Mosfellsbær - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.07.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Tin ehf., kt. 510396-2199 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II að Skeggjastöðum fnr.F2082354. Eftirlitsskýrsla dags. 09.08.2022.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfi dags. 8.03.2023

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 15. mars 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.7. Berghella 1, Hafnarfjörður – flutningur spilliefna

Lögð fram umsókn Jóns H. Steingrímssonar f.h. Terra Efnaeyðing hf., kt. 691298-2729, dags. 16.11.2022, þar sem sótt er endurnýjun starfsleyfis til flutnings á spilliefnum með aðsetur að Berghellu 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2242839. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 15.03.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.8. Bláfjallafólkvangur, Kópavogur – snjótaka

Lögð fram umsókn Birkis Grétarssonar f.h. Álfur Production kt. 660422-3230 dags. 14.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snjótöku í Bláfjöllum fyrir kvikmyndatöku. Tímabundið leyfi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi frá dags. 04-07.03.2023.

4.9. Hagasmári 9, Kópavogur – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Gunnars Héðins Stefánssonar, f.h. RVK-V ehf., / Nútrí Acai Bar, kt. 540817-0220, dags. 17.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingaverslun að Hagasmára 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2235241. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.2.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.10. Hagasmári 9, Kópavogur – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Mateusz Przemyslaw Niewiara, f.h. Sæta Húsið ehf., kt. 641120-1110, dags. 18.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingaverslun að Hagasmára 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2235241. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.2.2023

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.11. Hagasmári 9, Kópavogur – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Jóns Friðriks Þorgrímssonar, f.h. Veitingafélagið ehf.,/ Burgeis, kt. 520917-1010, dags. 16.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingaverslun að Hagasmára 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2235241. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.2.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.11. Hagasmári 9, Kópavogur – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Ingólfs Alberts Þorsteinssonar, f.h. Víkinga Pylsur ehf., kt. 651121-0860, dags. 12.02.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingaverslun að Hagasmára 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2235241. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.2.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.12. Hamrabrekkur 1, Mosfellsbæ – gististaður

Lögð fram umsókn Guðrúnar Öglu Egilsdóttur f.h. Oak house ehf., kt. 581122-0980 dags. 12.02.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir rekstur á gististað í flokki 11-C að Hamrabrekku 1, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2331098. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 21.02.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.02.2023. Jákvætt svar 09.03.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.13. Háholt 11, Mosfellsbær – veitingastofa

Lögð fram umsókn Hrafnhildar Björnsdóttur f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 26.01.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir N1 ehf fyrir framleiðslu og dreifingu frá veitingastofu að Háholti 11, Mosfellsbæ. Breyting á starfsemi. Fasteignanr. F2267757. Eftirlitsskýrsla dags. 13.03.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.14. Háholt 13-15, Mosfellsbær – lyfjaverslun

Lögð fram umsókn Þórbergs Egilssonar, f.h. Lyfja hf., kt. 531095-2279, dags. 08.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir lyfjaverslun að Háholti 13-15, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2291517. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 14.03.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.15. Dalsmári 5, Kópavogur - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.03.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sena ehf., kt. 510205-1380 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 18.03.2023 frá kl. 19:00-01:00 í íþróttahúsinu Fífu, Dalsmára 5, Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 1100 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

4.16. Hamrabrekkur 1, Mosfellsbær - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.02.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Oak House ehf., kt. 581122-0980 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II C að Hamrabrekku 1, Mosfellsbæ fnr.F2331098. Eftirlitsskýrsla dags. 21.02.2023.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags. 15.03.2023.

4.17. Lindarbraut 13, Seltjarnarnes - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.12.2022 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðveigar Nönnu Guðmundsdóttur kt. 070657-4309 f.h. Mínir Gestir, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II C að Lindarbraut 13, fnr.F2067575

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags. 08.03.2023.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.18. Melgerði 19, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Sveins Einar Magnússonar f.h. Dekka ehf., dags. 08.03.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif á bílskúr að Melgerði 19, Kópavogi. Fasteignanr. F2064305. Eftirlitsskýrsla dags. 13.03.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest. Niðurrifstími 01.04.2023-30.04.2023.

4.19. Skólagerði 45, Kópavogur – hundasnyrtistofa

Lögð fram umsókn Eyrúnar Óskar Torfadóttur, kt. 190489-3299, f.h. Bangsabað dags. 06.02.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir hundasnyrtistofu að Skólagerði 45, Kópavogi. Fasteignanr. F2065122, bílskúr. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.02.2023.

Bréf sent byggingarfulltrúa: dags. 15.02.2023. Neikvætt svar dags. 01.03.2023 þar sem fullnægjandi teikningar hafa ekki verið lagðar fram.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráningu hafnað.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 22. mars 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.20. Krókamýri 54, Garðabær– búsetuúrræði

Lögð fram umsókn Ingibjargar Friðriksdóttur f.h. Garðabæjar kt. 570169-6109, dags. 16.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir búsetuúrræði fyrir fatlaða að Krókamýri 54, Garðabæ. Endurnýjun. Fasteignanr. F2220145. Eftirlitsskýrsla dags. 21.03.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfið samþykkt til 12 ára.

4.21. Dalshraun 14, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Aðalsteins Sesars Pálssonar f.h. Matvex, kt. 700812-0220, dags. 26.01.2023 þar sem sótt er starfsleyfi til dreifingu matvæla með aðsetur að Dalshrauni 14, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2234848. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 22.03.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.22. Smyrlahraun 6, Hafnarfjörður– íbúðagisting

Lögð fram umsókn Maríu Rebekku Ólafsdóttur kt. 090658-4339 f.h. Maríubær dags. 21.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir íbúðagistingu að Smyrlahrauni 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079080. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags.22.09.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

4.23. Hæðasmári 4, Kópavogur – lyfsala

Lögð fram umsókn Svans Valgeirssonar – Lyfjaval, f.h. Lyfsalans ehf., kt. 580713-1140, dags. 15.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir lyfjaverslun að Hæðasmára 4, Kópavogi. Fasteignanr. F224315, F2235586, F2235587. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 21.03.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.24. *Kaplakriki, Hafnarfjörður - tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.03.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla kt. 430985-0789 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 30.03.2023 frá kl. 22:00-01:00 í íþróttahúsi Kaplakrika, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 700 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

4.25. *Skálaheiði 2, Kópavogur - tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.03.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Menntaskólans í Kópavogi, kt. 470576-2199 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 30.03.2023 frá kl. 21:00-01:00 í íþróttahúsi Digranes, Skálaheiði 2, Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 600 manns.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.03.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.



Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson



Örvar Jóhannsson



Svanur Karl Grjetarsson



Hannes Tryggvi Hafstein